

2102 ðreggniP ♣ ♣

58. landsþing Landsambands hestamannafélaga haldið á Hótel Natura 19. og 20. október 2012

Þingforsetar:

Bjarni Finnsson

Jón Albert Sigurjónsson

Ritarar:

Þórey Sigurbjörnsdóttir, 19. október

Unnur Gréta Ásgeirsdóttir, 19. október

Hrefna Hallgrímsdóttir 20. október

Anna Rún Ingvarsdóttir 20. október

FÖSTUDAGUR 19. OKTÓBER

Haraldur Þórarinnsson formaður LH setti þingið.

Hann bauð gesti og þingfulltrúa velkomna á 58. Landsþing LH. Talaði um hestinn og skildu okkar við að varðveita sögu og menningu tengda honum um leið og við ræðum þau tækifæri sem við eigum í framtíðinni og tengjast hestinum. Þetta þing þarf fjalla um strauma og stefnur í hestamenskunni og markar spor fram á veginn við að efla hestamenskuna með ákvörðunum sínum. Það er von stjórnar LH að okkur takist það á þessu þingi, þar sem mörg mál bíða okkar. Um leið og hann sagði þing sett, bað hann alla um að rísa á fætur og minnast látinna félaga.

ÞINGFORSETAR VORU KJÖRNIR:

Bjarni Finnsson og Jón Albert Sigurjónssyni

Þingforsetar taka við stjórn þingsins.

Jón Albert tekur til máls og þakkar fyrir traustið sem þeim er veitt. Biður fólk um að slökkva á sínum.

ÁVÖRP GESTA

Guðlaugur Atonsson – Hrossaræktarráðunautur

Hann talar um að hestamennskan verði alltaf að vera í íhugun og endurskoðun. Landsþing hestamanna er vettvangur skoðanaskipta. Gunnar Sturluson, varaformaður LH, hefur setið í stjórn FEIF og það er okkur afar mikilvægt.

Landsmót Hestamanna er mikil auglýsing fyrir hestamenskuna, og er það af hinu góða. Við verðum að standa saman og vera í takt. Viðburðurinn er ekki að reka sig og er það áhyggjumál, við getum ekki fleytt tapið mikið lengur.

Talar hann um formannskjör en Haraldur er einn í framboði.

Hann flytur kveðju frá bændasamtökum Íslands.

Sigrún Ólafsdóttir – Formaður Félags Tamningamanna

Hún byrjar á því að færa þinginu kveðju frá FT. Þakkar gott samstarf á liðnum árum. Þakkar einnig Fákí og LH fyrir gott Landsmót sem verður lengi í minnum haft. Blikur eru á loft varðandi velferð hestsins í keppni, við verðum að ræða málin af heiðarleika og við verðum að hafa kjark til að taka á þessum málum. Við hestamenn verðum að ganga í takt í þessu máli sem og í öllum öðrum. Ef við höfum ekki kjark þá erum við ekki í góðum málum.

Kristinn Guðnason – Formaður Félags Hrossabænda

Hann byrjar á því að þakka fyrir boðið og færir þinginu kveðju frá Félagi Hrossabænda. Hann þakkar fyrir samstarfið á síðustu árum. Leiðin er að komast að rétttri niðurstöðu sem allir geta sætt sig við. Nú eru tímamót, það vilja allir vera í ölli. Það vantar fleiri leiðir svo allir verði sáttir og einng vantar fleiri iðkenndur. Hann þakkar Haraldi formanni fyrir gott samstarf og óskar honum gott brautargengi.

Jón les upp kveðjur frá:

Mennta-og menningarmálaráðherra

Atvinnuvega-og nýsköpunarráðherra

ÍSÍ

Sigurði Sigmundssyni.

FÉLAGAR HEIÐRAÐIR

Guðbjörg Þormarsdóttir

Guðbjörg hefur tekið þátt í starfi félagsins af miklum myndarskap. Á stóran þátt í því að máni hlaut Ræktunarverðlaun Landgræðslunnar. Hún hefur verið ötull

keppnismaður og fjölskylda hennar einnig. Guðbjörg er vel að þessu komin og hlýtur gullmerki LH fyrir framlag sitt til hestamenskunnar.

Ragnar Tómasson

Ragnar er einn af þessum eldhugum. Lagt mikið af mörkum í barna og unglingsstarfi bæði í Fák og á Landsvísu. Hann hefur komið hestaíþróttinni á koppinn og alltaf boðinn og búinn í sambandi við Landsliðið. Ragnar hlýtur gullmerki LH fyrir framlag sitt til hestamenskunnar.

Katrín Stella Briem

Katrín hefur unnið mikið og þakklátt starf innan Fáks síðustu tugi ára. Hefur ávallt lagt sig fram í þágu félagsins. Hún er fyrirmyndarfélagi bæði fyrir sitt félag. Katrín Stella hlýtur gullmerki LH fyrir framlag sitt til hestamenskunnar.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Er máttastólpi hjá hestamannafélaginu Gusti. Var fyrst kosinn í stjórn árið 1992 og sat í stjórn LH. Sveinbjörn er hestamaður góður og kann að meta íslenska gæðinginn. Sannur fyrirmyndarfélagi. Sveinbjörn hlýtur gullmerki LH fyrir framlag sitt til hestamenskunnar.

Halldór Halldórsson

Halldór er búinn að starfa lengi að málefnum hestamanna. Verið virkur og unnið mikið óeigingjarnt starf í þágu Andvara. Sat í varastjórn LH og mætti þar á alla fundi. Hefur verið öflugur baráttumaður fyrir reiðvegum og að berjast fyrir því að halda reiðleiðunum okkar á skipulagi. Þar sem Halldór kemur, leggur hann sig allan fram. Halldór hlýtur gullmerki LH fyrir framlag sitt til hestamenskunnar.

Ragnar Tómasson það um orðið.

Hann talar um að hann hafi setið mörg þingin í gegnum árin. Hefur stundað

hestamennsku í yfir 40 ár. Hann talar um að hestamennskan hafi gert miklu meira fyrir hann heldur en að hann hafi gert fyrir hestamenskuna. Hann segir að mikið fari í gegnum hugann en hann þakkar kærlega fyrir sig.

AFHENDING ÆSKULÝÐSBIKARS LH

Helga B. Helgadóttir afhenti hann en hann er veittur árlega því félagi sem þykir skara framúr í æskulýðsstarfi hverju sinni. Gripurinn var gefinn af HÍS 1996.

Æskulýðsnefndinni bárust 21 skýrsla og hafa það aldrei verið fleiri. Reiðnámskeið, smalakeppni, óvissuferðir, heimsóknir og ýmislegt annað sem hestamannafélögin hafa verið að gera. Skýrslurnar eru birtar á www.lh.is undir æskulýðsmál.

Hestamannafélagið Sleipnir hlýtur bikarinn í ár. Sleipnir bar meðal annars af vegan mikils eldmóðs og fjáröflun.

Kjartan Ólafsson, formaður, Sleipnis, tekur til máls.

Hann þakkar heiðurinn fyrir hönd hestamannafélagsins Sleipnis og þakkar fólkinu á bak við tjöldin. Hann benti á að reiðhöllin hafi orðið lyftistöng.

KJÖRBRÉFANEFND - SKILAR ÁLITI -

Helga Claessen tekur til máls.

Tilgangur nefndarinnar er að fara yfir þá sem sitja þingið. Í ár eru það 162 félagar úr 40 hestamannafélögum

Þeir sem voru kjörnir á þing frá hestamanna félögunum ***

KJÖR ÞINGNEFNDA

Ása Hólmarsdóttir formaður kjörþingnefndar kynnti störf nefndarinnar

Vísaði í lagagerð 1.2.4. að það skuli starfa 6 þingnefndir auk kjörbréfa nefndar 5 fulltrúar í hverri nefnd, en þinginu er auk þess heimilt að skipa fleiri nefndir.

Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, æskulýðsnefnd, keppnisnefnd, kynbótanefnd, ferða- og umhverfisnefnd landsmótsnefnd og skipulagsnefnd. Þess má geta að síðustu tvær nefndirnar eru nýjar. Vitnaði í lagagerð. 1.2.3. sem fjallar um atkvæðisrétt á landsþingi.

Kjörbréfanefnd

Fjárhagsnefnd

Allsherjarnefnd

Æskulýðsnefnd

Keppnisnefnd

Kynbótanefnd

Ferða- og umhverfisnefnd

Landsmótsnefnd

Skipulagsnefnd

TILLAGA KJÖRNEFNDAR LÖGÐ FYRIR ÞINGIÐ OG SAMÞYKKT MEÐ LÓFATAKI.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG REIKNINGAR

Skýrsla stjórnar - Haraldur Þórarinsson formaður LH

Ný stjórn kjörin á Akureyri 2010. Haldnir hafa verið 17 stjórnarfundir og allar fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu.

Nefndir taldar upp sem eru starfandi, stjórn getur skipað nefndir ef þess þarf. Helstu nefndir upptaldar, bæst hefur við velferðarnefnd LH.

- Agamál, 4 mál komu til aganefndar árið 2011 en aðeins 1 mál er komið fyrir árið 2012.
- Dómaramál, dómastarfið hefur eflst verulega, fræðslustarf og endurmenntunarstarf hefur aukist. Launakostnaður orðinn óheyrilega hár.
- Reiðvega mál, hjartað í hestamenskunni, þau er mikilvæg fyrir alla hestamenn og ferðaþjónustuna. Við þurfum að verja rétt okkar til að ferðast um landið á hestinum. Ferða- og umhverfisnefnd hefur unnið mjög gott starf á síðasta kjörtímabili. Félögin um allt land þurfa einnig að standa vörð hvert á sínu svæði.
- Kortasjá LH er mikilvægt gagn sem sínir og tryggir rétt okkar til reiðvega. Inn í kortasjá fara ekki reiðvegir nema þeir séu í samþykktu aðalskipulagi.
- Hjóla- og torfærumenn valda skemdum á reiðvegum. Viðhald vegana er erfitt. Þarf að lögvernda þá þ.e. skilgreinda reiðvegi. Hestamenn vilja gott samstarf um aðrar vegi og í umferðinni.
- Keppismál eru hluti af hestamenskunni. Keppisnefnd fylgist með lögum og reglum og gerir tillögur til stjórnar LH og FEIF um breytingar sé þeirra þörf. Vinnur að verkefni um velferð hestsins. Klár í keppni er verkefni sem LH hefur beitt sér fyrir með dýralækni hrossasjúkdóma hjá MAST. Þarf að koma niðurstöðum úr því verkefni til hestamannafélaganna og fá umræður um þær.

- LH stofnaði Velferðarnefnd þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila innan hestamennskunnar eiga fulltrúa. Nefndin þarf að fjalla um og ræða m.a. niðurstöður úr verkefninu „Klár í Keppni“ sem LH setti á stað með dýralækni hrossasjúkdóma 2008. Niðurstöður úr þessu verkefni á LM 2011 og frá lands- og íslandsmóti 2012 eru ekki ásætanlegar, en þar koma fram upplýsingar sem benda til þess að ákveðnum beislabúnað geti skaðað hrossum á tannlausa bilinu. Bregðast verður við þessum niðurstöðum af ábyrgð.
- Landsliðsmál, gluggi okkar út á við. Verið frekar erfitt að koma liðinu út vegna gengi krónunnar, en árangur í Austuríki var nokkuð góður. Erfiðara að ná góðum árangri með hverju móti. LH og landsliðsnefnd þurfa stöðugt að vera á tánum og vanda allan undirbúning til að standa hinum þjóðunum fremri. Íslenska landsliðið hefur tvö síðustu mót hlotið liðabikar FEIF sem ber undirbúningi liðsins gott vitni. Norðurlandamótin eru okkur einnig mikilvæg, þar hefur áherslan verið á unga fólkið í bland með reyndari knöpum. Góður árangur náðist í sumar í Eskiltuna í Svíþjóð.
- U21, metnaðarfullt verkefni en hefur ekki alveg gengið upp, þurfum að endurskoða og setja okkur ný markmið.
- Mannvirkjamál, eru í stöðugri endurskoðun. Staðlar fyrir lands- og íslandsmótsstaði í stöðugri þróun. Kanna þarf yfirborð keppnisvalla og fl..
- Æskulýðsmál eru mjög mikilvæg, og eru hornsteinn og undirstaða að því að okkur takist að fjölga iðkendum í hestamessku. Hestamannafélögin eru lykillinn að því starfi og þurfa að sækja á sveitarfélögin til jafns við önnur íþróttafélög um stuðning og aðstöðu. Starf þeirra er ekki minna virði ungu fólki en annara íþróttafélaga. Við þurfum að vinna því skilning.
- Tölvumál, þurfa að vera í stöðugri þróun og er mikið starf í kringum þau. Í haust verður kynnt nýtt kerfi sem mun einfalda mótahald félaganna þar sem greitt verður um leið og skráð er.
- Öryggismál: verða stöðugt að vera í endurskoðun. Mikilvægt er að efla umræðu um öryggismál hestamanna. Fyrir fjórum árum urðu 3 ljót slys og í framhaldinu

varð mikil umræða, höfum sloppið ágætlega síðan. Það vantar öryggisstaðla upp á reiðbúnað og fl..

- Erlent samstarf, skiptir máli að við séum sýnileg og störfum af miklu kappi með Feif. Aðalfundur 1x á ári. Á síðasta aðalfundi FEIF tók LH að sér að skilgreina gangtegundirnar tölt og skeið í íslenska hestinum. Unnið er að því innan FEIF að skilgreina allt starf innan þess. Við viljum vera í forrystu um það sem snýr að hestinum innan FEIF.
- Samstarf um mótahald, norðurlöndin, ætla að standa saman að heimsmeistar-mótinu í Herning 2015. Samræma reglur á milli landa, og jafnvel að koma á sameiginleg menntakerfi.
- Landsmót hestamanna, er í eigu LH og BÍ. Margt gott gerst í skipulagi og umgjörð eftir að við settum mótin í félag, þurfum að skilgreina og skoða rekstur mótanna, þannig að við náum betur utan um rekstur þeirra. Skilgreina þarf einnig þau markmið sem við viljum ná með þessum viðburðum.
- Rekstrarvandi sá sem við stöndum frammi fyrir myndaðist þegar við þurftum að fresta Landsmóti 2010. Sum svæði eiga erfitt uppdáttar. Eigum að gera auknar kröfur á sveitarfélögin. Við þurfum að gera sömu kröfur til sveitarfélaga og þau sína t.d. landsmótum UMFÍ þegar þau eru haldin hjá þeim. Þá bjóða sveitarfélögin mest alla þjónustu á sinn kostnað. Þetta er ekki í boði þegar Landsmót hestamanna heldur sín mót. Verður rætt í nefnd síðar.
- Vefur LH, er alltaf í þróun.
- Nýtt merki: FEIF gerði kröfu um að þeirra merki kæmi fram í merkjum aðildarlanda sinna. Baltasar Samper sá um útfærslu á því.
- Menntamál og ÍSÍ, þjálfaramenntun ÍSÍ gerir kröfu um að öll sérsamböndin vinni eftir þeirra reglu. Þjálfarar verða að vera menntaðir eftir skýrum reglum. Hestaþróttir í skólakerfinu, metnaðarfullt verkefni sem er vonandi að takast. Boðið verður upp á þrjár leiðir, þ.e. tamningasveinanám, hestaferðaþjónustunám og svo stúdentsbraut. LH á í samstarf við LBHÍ í ýmsum málum sem snúa að hestamennsku.
- Dæmi um mikilvæg mál:

- Lagasettnig um réttarstöðu hestamanna
 - Skoða skattlög varðandi hestamennsku
 - Skoða lög varðandi skipulag hesthúsabyggða
 - Skipa nefnd sem hefur það hlutverk að skoða hvernig ætti að auka nýliðun
 - Hestamenn falli undir verkefnið Allir vinna, sem er atvinnuhvetjandi verkefni á vegum fjármálaráðuneytisins.
- Að lokum:
 - Hestamannafélögin og það starf sem þar fer fram er hornsteinn í eflingu hestaþróttarinnar og þar með hestamennsku á Íslandi.
 - Mikilvæt er að vinna skilning ríkis og sveitarfélaga á því mikla starf sem unnið er í sjáboðaliðastarfi innan hestamannafélaganna
 - Enginn efast um þau góðu uppeldislegu áhrif sem hestamennskan hefur á þá sem komast í kynni við íslenska hestinn.

Það er hlutverk hestamannafélaganna og LH að sjá til þess að allir geti fundið sér áhugasvið innan hestaþróttarinnar.

ÁRSREIKNINGAR 2008-2009 8 MÁNAÐA UPPGJÖR OG FJÁRHAGSÁÆTLANIR FYRIR 2010-2011

Sigrún Þórðardóttir gjaldkeri LH lagði fram reikninga sambandsins fyrir árin 2010 og 2011 og skýrði þá. Einnig kynnti hún átta mánaða rekstur LH fyrri hluta ársins 2012 og fjárhagsáætlanir fyrir, 2012 og 2013, var þeim vísað til fjárhagsnefndar.

Á ársreikningi voru tekjur árið 2010 kr. 37.144.627-. Gjöld voru kr. 41.285.329-. Tap ársins án fjármagnsliða var kr. 4.140.702-., tap með fjármagnsliðum kr. 3.935.412-.

Skuldir m.a. vegna þessa að Norðurlandamótið var mjög dýrt, styrkur frá Toyota brást og starfsmannaskipti

Á ársreikningi voru tekjur árið 2011 kr. 55.497.612-. Gjöld voru kr. 54.136.501-.
Hagnaður án fjármagnsliða kr. 1.361.111.-. Hagnaður með fjármagnsliðum
kr. 983.803-.

UMRÆÐUR

UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA

Brynjar frá Funa

Vildi fá upplýsingar um tölu í ársreikningi sem viðkom reiðvegum.

Halldór Halldórsson kom með leiðréttingu á því sem kom fram í fyrirlestri hjá Haraldi um það að það væru komnir 6864 km inn í kortasjónna og um 300 í vinnslu. Vonandi verða Skagafjörður og Eyjafjörður komnir út fyrir áramót. Svaraði fyrirspurn um fé vegna reiðvega og sagði að þetta væru veggjöld og ekki útgjöld fyrir LH beint, það koma tekjur á móti.

Kristinn Guðnason frá Geysi

Byrjar á að þakka Haraldi. Rannsóknir á sumarexemi hefur verið í rúm 12 ár, á Keldum í samstarfi við Háskóla í Sviss. Í þetta verkefni hefur farið rúmar 100 milljónir. Blikur á lofti að fá peninga og það vantar stuðningsyfirlísinguna frá LH. Styrkir sölu á hrossum í framtíðinni og gæti orðið að dýraverndunarmáli síðar.

Jónína frá Stíganda

Í erind Haraldar kom fram að Halldór væri í vandræðum að koma út reiðvegafé. Þegar reiðvegafé er búið, hefur verið leitað til Vegagerðarinnar í Borganesi en allir vísa málinu frá sér. Spuning, hvert á að leyta að fá aukafé í reiðvegi?.

Halldór Halldórsson svarar, tala fyrst við Magnús Ólafsson í Borgarnesi hann getur stutt þig við að biðja um aukafé. Aðstoðarvegastjóri heldur utan um féð. 60.000.000.- LH úthlutar 50 en Vegagerðin heldur eftir 10 til að gefa í beiðnir félagana.

***ÞINGFORSETI BAR UPP REIKNINGA ÁRANNA 2010 OG 2011 UNDIR
ATKVÆÐI OG VORU ÞEIR SAMÞYKKTIR SAMHLJÓÐA.***

FJÁRHAGSÆTLANIR:

Átta mánaða rekstur LH 2012 kynntur

Sigrún Þórðardóttir segir frá fyrstu 8 mán. 2012

Fjárhagsáætlanir 2012 og 2013 – Sigrún Þórðardóttir gjaldkeri LH

Fór yfir tölur. Vísað í fjárhagsnefnd til vinnslu.

KAFFIHLÉ

Gunnar Steinn Pálsson – tók til máls.

Hélt hann ræðu þar sem megin innihaldið var að við erum komin alltof langt frá upprunanum þar sem allt er farið að snúast um hið stóra og flotta. Við þurfum að breyta hugarfarinu og huga meira að hinum almenna hestamanni. Hestaþróttin er komin á það stig að eingöngu þeir sem eiga peninga eða fæðast inn í hestafjölskyldur hafa tækifæri til að stunda íþróttina. Sjá erindi annarstaðar á vef LH.

UMFJÖLLUN UM LANDSMÓT

Guðjón Magnússon, formaður Harðar og gjaldkeri Landsmóts ehf. – tók til máls

Stærsta vandamál Landsmótsins er skuld við Byggðastofnun sem myndaðist 2010 eftir að Landsmót var felld niður. LH og BÍ gengu í ábyrgð fyrir láninu og þar sem LH virðist þurfa að ganga í ábyrgð fyrir Landsmót þá borgar sig að hafa það inn í LH en ekki sem Einkahlutafélag. Þar sem erfitt er fyrir Einkahlutafélag að fá styrk frá ríkinu en auðveldara fyrir félagasamtök.

Talaði hann um miðaverð á Landsmót og að það mætti endurskoða með tilliti til miðaverðs almennt í heiminum á samskonar uppákomur.

Við verðum að finna leið til þess að fá sveitarfélögin til að vinna með okkur og hestamannafélagið á hverju svæði fyrir sig taki aukna ábyrgð.

Að lokum sagði hann litla sögu um Hörð og þau góðverk sem þau eru að gera.

Björn Björgvinsson endurskoðandi Landsmóts ehf. útskýrir reikninga Landsmóts 2011.

TILLÖGUR TIL ÞINGS

Bjarni Finnsson kynnir tillögur þingnefnda.

Öll þingskjöld á borðum og vonandi allir búnir að kinnu sér þessar tillögur til að spara tíma ekki lesa öll þingskjöld hvaða nefnd fær hvaða mál sem hér segir

Þingskjal nr. 1

Flytjandi: Stjórn LH

Þingskjal nr. 2

Flytjandi: Stjórn LH

Þingskjal nr. 3

Flytjandi: Stjórn LH

Þingskjal nr. 4

Flytjandi: Stjórn LH

Þingskjal nr. 5

Flytjandi: Stjórn LH

Allsherjanefnd

Þingskjal nr. 6

Flytjandi: Stjórn LH

Allsherjanefnd

Þingskjal nr. 7

Flytjandi: Stjórn LH

Kynbótanefnd

Þingskjal nr. 8

Flytjandi: Stjórn LH

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 9

Flytjandi: Stjórn LH

Ferða og umhverfisnefnd

Þingskjal nr. 10

Flytjandi: Stjórn LH

Ferða og umhverfisnefnd

Þingskjal nr. 11

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 12

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 13

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 14

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 15

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Keppnisnefnd

Þingskjal nr.16

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Æskulýðsnefnd

Þingskjal nr. 17

Flytjandi: Keppnisnefnd

Keppnisnefnd

Þingskjal nr.18

Flytjandi: Hestamannfélagið Glaður

Allsherjanefnd

Þingskjal nr.19

Flytjandi: hestamannafélagið Máni

Keppnisnefnd

Þingskjal nr.20

Flytjandi: Hestamannfélagið Máni

Æskulýðsnefnd

Þingskjal nr.21

Flytjandi: Hestamannfélagið Fákur

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 22

Flytjandi: Hestamannfélagið Fákur

Keppnisnefnd

Þingskjal nr.23

Flytjandi: Hestamannfélagið Fákur

Keppnisnefnd

Þingskjal nr.24

Flytjandi: Hestamannfélagið Fákur

Ferða og umhverfisnefnd

Þingskjal nr.25

Flytjandi: Hestamannfélagið Fákur

Landsmótsnefnd

Þingskjal nr.26

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Kynbótanefnd

Þingskjal nr.27

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Ferða og umhverfisnefnd

Þingskjal nr.28

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Allsherjanefnd

Þingskjal nr. 29

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir

Landsmótsnefnd

Þingskjal nr. 30

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir

Allsherjanefnd

Þingskjal nr. 31

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 32

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 33

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir

Allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 34

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir

Allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 35

Flytjandi: Hestaíþróttadómarafélag Íslands

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 36.

Flytjandi: Hestaíþróttadómarafélag Íslands

Allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 37

Flytjandi: Hestaíþróttadómarafélag Íslands

Allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 38

Flytjandi: Hestaíþróttadómarafélag Íslands

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 39

Flytjandi: Hestaíþróttadómarafélag Íslands

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 40

Flytjandi: Hestaíþróttadómarafélag Íslands

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 41

Flytjandi: Hestaíþróttadómarafélag Íslands

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 42

Flytjandi: Hestaíþróttadómarafélag Íslands

Keppnisnefnd

Þingskjal nr. 43

Flytjandi: Æskulýðsnefnd LH

Æskulýðsnefnd

Þingskjal nr. 44

Flytjandi: Stjórn LH

Allsherjanefnd

Þingskjal nr. 45

Flytjandi: Samgöngunefnd LH

Ferða og umhverfisnefnd

Þingskjal nr. 46

Flytjandi: Samgöngunefnd LH

Ferða og umhverfisnefnd

Hulda Gústafsdóttir gerði athugasemdir og óskaði eftir að nokkur þingskjöl yrðu sett í fleiri en eina nefnd.

Númer 16. Fer einnig í keppnisnefnd

Númer 20. Fer einnig í keppnisnefnd

Númer 29. Fer einnig í keppnisnefnd

Númer 30. Fer einnig í allsherjanefnd

Númer 33. Fer einnig í keppnisnefnd

Númer 42. Fer einnig í landsmót

Númer 43 Fer einnig í keppnisnefnd

Númer 44 Fer einnig í keppnisnefnd

Ólafur Þórisson frá Geysi óskaði eftir því að Númer 31, fari einnig í landsmótsnefnd

Allar tillögurnar samþykktar einhljóða.

LAUGARDAGUR 20. OKTÓBER

Þingforseti Jón Albert Sigurjónsson setti fundinn. Dagskráin hófst á nefndir skiluðu álitum á þeim tillögum sem vísað var til þeirra og báru undir þingfundinn til umræðu og afgreiðslu. Einhverjar tillögur fóru fyrir tvær nefndir og ákveðið að taka þingmálin fyrir með málum þeirrar nefndar sem upphaflega var vísað til, en kalla eftir álitum þeirrar nefndar, sem einnig var vísað til, í kjölfarið. Í einhverjum tilvikum myndu nefndirnar skila ólíkum álitum. Endanleg ákvörðun liggur hjá þingfundi.

NEFNDIR SKILA ÁLITI

FERÐA- OG UMHVERFISNEFND

Halldór H. Halldórsson formaður ferða- og umhverfisnefndar hóf mál sitt á að þakka þann heiður sem honum var sýndur í gær. Átján fulltrúar tóku þátt í umræðum nefndarinnar, ásamt sérstökum gesti Sæmundi Eiríkssyni varaformanns Samgöngunefndar LH. 6 þingskjöl lágu fyrir nefndinni og skapaðist mikil umræða um þingskjal nr. 9 þar sem formaður nefndarinnar útskýrði aðkomu sína og stjórnar LH að málinu frá árinu 2006. Málið var fyrst lagt fram árið 2006 á landsþingi í Borgarnesi um að réttarstaða hestamanna væri ótvíræð á reiðvegum landsins. Síðan þá hefur verið fundað með 3 samgönguráðherrum. Vitað að ný umferðalög eru í smíðum. Þetta ákvæði er fellt út úr núverandi frumvarpi. Þingskjöl nefndarinnar voru lögð fyrir þingið í númeraröð.

Þingskjal 9

Skjalið var samþykkt óbreytt í nefndinni

Umræður:

Gerðar voru athugasemdir um orðalag í greinagerðinni. Bætt var inn í fyrstu málsgrein að „...en að efla að sama skapi stöðu...“. Eftir breytingu hljóðar greinagerðin eftirfarandi:

Sú áráttá að veikja stöðugt réttarstöðu hestamanna en efla að sama skapi stöðu vélknúinna ökutækja á reiðvegum landsins er óþolandi og eykur stórlega hættu á slysum í hestamennsku.

Vakin var athygli á að á mánudaginn er áætlaður fundur með Samgöngunefnd LH. Miðvikudaginn 24. október rennur út frestur til að gera athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp til umferðalaga. Þingfulltrúar eru hvattir til að gera athugasemdir í tíma og bera út boðskapinn. Leiðbeiningar og sniðmát fyrir athugasemdir má finna á vefsíðu LH.

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal 10

Nefndin gerði tillögu að breytingu á orðalagi og samþykkti að leggja fyrir þingið

Þingskjal 10a

Umræður

Gerð var athugsæmd við orðalag í seinustu setningu greinagerðarinnar að fjarlægja „annarri“ út úr greinagerðinni.

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Þingskjal 24

Nefndin gerði tillögu að breytingu á orðalagi og samþykkti að leggja fyrir þingið

Þingskjal 24a

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt

Þingskjal 27

Umræða í nefndinni vegna þess að menn héldu að sá sem sendi þessa tillögu inn vissi ekki alveg hvernig málin stæðu. Í ár var gerður 10 ára samningur við eigendur Skógarhóla. Formaður nefndar kallaði eftir að gerð væri grein fyrir nýja samningnum. Fram kom að samningurinn væri til staðar. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan var samþykkt samhljóða

Þingskjal 45

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt

Umræður

Varaformaður Samgöngunefndar LH kom sýndir þingfulltrúum hvernig nota megi kortasjá og sækja um styrki til gerðar nýrra reiðleiða.

Afgreiðsla

Tillagan var samþykkt samhljóma.

Þingskjal 46

Fékk töluverða umræðu í nefndinni. Almenn ánægja með að hestamenn settu sér umgengnisreglur. Rætt var um að breyta orðalagi en samkomulag varð um að halda óbreyttu. Umferðareglur hafa þegar verið gefnar út í Reiðvegahandbók LH og Vegagerðarinnar frá árinu 2006, en eru þó ekki nógu sýnilegar að mati formanns nefndarinnar.

Umræður

Ábending barst um að skjalið yrði vonandi lifandi og hægt væri að gera breytingar milli ára.

Afgreiðsla

Tillagan var samþykkt samhljóma.

Formaður nefndarinnar þakkaði fyrir sig

FJÁRHAGSNEFND

Formaður fjárhagsnefndar Stefán Logi Haraldsson var kynnti starf nefndarinnar. Fyrir fjárhagsefndinni lágu engin bein þingskjöl. Sigrún Kristín Þórðardóttir gjaldkeri stjórnar LH var kölluð til að fara yfir ársreikninga og áætlanir. Sigrún gaf greinagóðar skýringar

á frávikum frá áætlun á öðrum kostnaði. Nefndinni finnst eðlilegt að reikningar fari fyrir fjárhagsnefd LH áður en þeir eru samþykktir.

Nefndin leggur til að rekstaráætlanir fyrir 2012-2014 verði samþykktar, enda séu þær raunhæfar og metnaðarfullar. Tilmæli komu fram að sýna bæri áætlun til samanburður í reikningum.

Skoða þarf aldursskiptingu vegna félagsgjalda. Tvennskona gjaldtaka er nú innan unglingaflokks. Ef til vill ætti að færa aldursmörk að 18 ára aldri.

Útgjöld eru vegna Skógarhóla eru gerð sýnileg. Reglulegar tekjur eru engar, aðeins styrkur til rekstrar. Nýting hestamanna á svæðinu er mjög lítil. Haraldur Þórarinsson gerði grein fyrir starfseminni. Nefndin leggur til að halda í Skógarhóla þar sem það er mikilvæg hefð og aðgangur að Þingvallasvæðinu. Gera þarf reksturinn á svæðinu sjálfbærann og viðhalda svæðinu án þess að það sé fjárhagslegur baggi á LH. Nefndin leggur til að gjaldkerar hestamannafélaganna hittist í tengslum við formannafundi.

Þingforseti, Jón Albert, tók til máls og sagði fjárhagsmálin skipta öllu máli og væru þau almennt í góðum málum hjá hestamannafélögunum.

SKIPULAGSNEFND

Formaður skipulagsnefndar Gunnar Sturluson fór yfir starf nefndarinnar. Fjörugar og skemmtilegar umræður voru um skipulagsmál komandi ára. Rætt var um hvort að þörf væri á endurskipulagningu á félagskerfinu. Rætt var hvort grundvöllur væri fyrir einum heildarsamtökum hestamennsku þar sem hagsmunir væru samofnir, aukinn slagkraftur fengist þar sem eitt stórt félag hefði meiri slagkraft, aukin skilvirkni og jafnvel meiri nýliðun.

Dregnir voru fram ókostir núverandi skipulags. Ótengt félagslegt bakland og enginn einn talsmaður væri fyrir hönd hestamanna. Menntastefnan væri ósamræmd og brotin niður á hvern hóp. Ólíkir hagsmunir eru í húfi; tómstunda hestamenn, íþrótta hestamenn og

atvinnurekstur. Hestamenn togast á um ríkisstyrki. Að auki á ferðaþjónusta engan vettvang innan hestamennskunnar.

Engin þingskjöl lágu fyrir nefndinni.

Vegna mistaka var fjárhagsáætlun ekki borin upp til afgreiðslu. Þingforseti bætti úr því bar hana upp til atkvæðagreiðslu. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2012-2014 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum án athugasemda.

LANDSMÓTSNEFND

Formaður nefndarinnar Sveinbjörn Sveinbjörnsson hóf mál sitt á að þakka fyrir þann kross sem á hann var settur í gær.

Nítján þingfulltrúar tóku þátt í störfum nefndarinnar og umræður voru fjörugar.

Hjörny Snorradóttir kynnti niðurstöður könnunar um ánægju og þjónustu á Landsmóti 2012. Hægt er að sjá niðurstöður könnunarinnar í glærum Hjörnyjar. Úrtakið náði til þeirra sem keypt keypt höfðu miða í forsölu.

Þakkað var fyrir góðar og gagnlegar upplýsingar.

Fyrir nefndinni lágu 5 þingskjöl.

Þingskjal 1

Eftir að gerðar voru örliðlar breytingar á orðalagi í þingskjalinu var samþykkt að leggja fyrir þingið

Þingskjal 1a

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt samhljóða

ÞINGSKJAL NR 25

Töluverðar umræður í nefndinni en samþykkt að leggja skjalið fyrir óbreytt.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingskjal 29

Tillagan var rædd og felld einróma í nefndinni. Skoða þarf framkvæmdina betur ef leggja á hana fyrir. Skjalið var einnig lagt fyrir keppnisnefnd. Tillagan var einnig felld einróma af keppnisnefndinni.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan felld.

Þingskjal 31

Tillagan var felld einróma í nefndinni. Fór einnig í keppnisnefnd og sömuleiðis fellt þar eftir nokkra umræðu.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan felld.

Þingskjal 42

Nefndin leggur til að skjalið verði samþykkt. Fór einnig fyrir keppnisnefnd og var sömuleiðis samþykkt þar.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt samhljóða.

Ekki voru fleiri tillögur til afgreiðslu landsmótsnefndar. Nokkrar umræður sköpuðust um bága fjárhagsstöðu LM. Skýrist hún helst af hamförum vegna hestapestar 2010 þar sem

fresta þurfti mótinu. Engar tekjur komu á móti útlögðum kostnaði. Rekstraraðili situr því uppi með tapið.

Landsmótsnefnd leggur fram eftirfarandi ályktun:

Landsþing hestamanna, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012 beinir því til stjórnvalda að koma til móts við rekstaraðila landsmóts hestamanna með því að taka þátt í að bæta það fjárhagslega tjón sem varð þegar fresta varð landsmóti sumarið 2010 vegna hestapestar sem gekk þá yfir landið.

Greinargerð:

Ekki þarf að fjölyrða um að vorið 2010 geisaði hestapest á Íslandi. Afleiðingar þessa urðu þær meðal annars að fresta þurfti landsmóti hestamanna sem átti að halda í Skagafirði þá um sumarið. Þegar ákvörðun var tekin um að fella mótið niður, m.a. að tilmælum stjórnvalda, rétt áður en það átti að hefjast. Þá var fallinn til mikill kostnaður á rekstaraðila mótsins, eða um 30 milljónir króna, en tekjur urðu að engu. Vegna þessa er rekstur landsmóta hestamanna í uppnámi en eins og alkunna er skipta mótin gríðarlegu máli fyrir kynningu og markaðssetningu íslenska hestsins og þ.m.t. Ísland. Má í því sambandi nefna að þessi mót sækja erlendir gestir þúsundum saman. Því skiptir verulegu máli jafnt fyrir hestaíþróttina sem og ræktendur og aðra sem hafa hafsmuna að gæta að rekstrargrundvellingum sé ekki kippt undan þessum viðburði. Skaðinn af því að landsmót hestamanna falli í framtíðinni niður vegna þessa yrði óbætanlegur. Má það ekki gerast og benda má á að þekkt er að stjórnvöld komi myndarlega að afleiðingum hamfara sem þessara, s.s. eftir eldgosið í Eyjafjallajökli sem varð á sama tíma og hestapestin. Ekki er nú efast um gagnsemi þeirra aðstoðar.

Kallað var eftir umræðum um ályktunina

Kristinn Hugason var sammála innihaldi ályktunarinnar um alvarleika bágrar fjárhagsstöðu LM en efast um áhrifin. Hún gæti hleypt illu blóði í stjórnvöld og ekki klókt að benda á að stjórnvöld hafi tekið ákvörðun um að fresta móti. MAST var hlutlaust í málinu og talaði stöðuna frekar upp en niður ef eitthvað var. Ákvörðunin var ekki síður hestamanna. Þurfum engu að síður að losna við skuldahala. Ef til vill hefði

frekar átt að láta Landsmót fara í gjaldþrot á þeim tíma sem skaðinn skeði líkt og gert var við heimsleika í Austurríki.

Haraldur Þórarinnsson kynnti að stofnuð var nefnd um ákvörðunina. Stjórnvöld komu að ákvörðuninni en fyrirskipuðu hana ekki. Það að láta Landsmót fara á hausinn hefur aldrei verið talinn valkostur. Margir aðilar áttu inni fjármagn í mótinu m.a. í miðum sem þeir tóku ekki út heldur áttu inni miðana til næsta árs. Hægt er að breyta orðalaginu ályktuninni í að stjórnvöld hafi komið að ákvörðunni.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður landsmótsnefndar áréttar að ályktunin hafi verið sett fram til þess að reyna að fá fjárstyrki til að hjálpa Landsmóti. Hann er hlynntur því að orðalagsbreyting sé gerð, en andvígur því að landsmótið sé sett í gjaldþrot til að láta skuldir hverfa þar. Það hefur slæm áhrif á markaðssetningu og orðspor þar sem landsmót er haldið á 2 ára fresti. Sú staða getur alltaf komið upp að ekki séu aðrir valkostir og betra að “eiga það inni”.

Kristinn Hugason vildi að lokum bæta við að hann er sammála því að þetta sé óyndisleið en telur engu að síður að aðstæður hafi verið til staðar á tímum hestapestarinnar og bendir á að ef til vill þurfum við að horfast í augu við þá erfiðu ákvörðun til að losa okkur við skuldahalann.

Ályktunin var borin til atkvæðagreiðslu og samþykkt einróma.

ÆSKULÝÐSNEFND

Formaður æskulýðsnefndar fór yfir störf nefndarinnar. 22 þingfulltrúar tóku þátt í umræðunni og ýmsar skoðanir á öllum málum. Umræðan var góð og þörf. Fyrir nefndinni lágu þrjú þingskjöl.

Þingskjal 16

Mikil umræða í æskulýðsnefnd um skjalið sem tvinnuðust saman við tillögurnar sem komu á eftir. Nefndin samþykkti að lokum að styðja við tillögurnar en hvetur jafnframt til að félagin bjóði upp á pollaflokk til að koma til móts við yngri börn.

Þingskjalið var einnig lagt fyrir keppnisnefnd. Gríðarlega miklar umræður þar og ólíkar skoðanir. Tillagan samþykkt af keppnisnefnd með einu atkvæði. Keppnisnefnd leggur einnig til að það sama gildi í íþróttakeppni og leggur til breytingu á 4.1 í íþróttakeppni.

Umræður

Erlingur Sigurðsson kvaddi sér til hljóðs. Hann benti á að þegar hann var ungur var 14 ára aldurstakmark og lágmarksþyngd að auki. Erum að kalla yfir okkur mikla hættu að leyfa ungum börnum að keppa þar sem þau eru oft á of miklum hestum. Þetta er foreldravandamál. Heldur ætti að gera þetta að leik og skemmtun fyrir ungu börnin en ekki keppni.

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta eftir talningu:

Með 78

Á móti 48

Þá var tekin fyrir breytingatillaga frá keppnisnefnd að sama regla gildi í íþróttakeppni og gæðingakeppni. Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Þingskjal 20

Nefndin var samhljóða um að fella tillöguna.

Keppnisnefnd ræddi tillöguna líka. Skiptar skoðanir en samþykkt að fella þar sem hún myndi útiloka mörg börn frá keppni.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan var felld með þorra greiddra atkvæða.

Þingskjal 43

Tillögunni var vísað frá eftir miklar og heitar umræður enda ekki starf æskulýðsnefndar að semja reglur. Megin þorri nefndarmeðlima var mótfallinn því að taka út stökkið. Ef ríða skyldi brokk og tölt eða jafnvel hægt tölt er hesturinn orðinn flóknari og vandfundnari. Eftir miklar umræður var niðurstaðan að stökk í úrslitakeppni barna sé hættulegt vegna spennu og staðsetningar hópsins sem bíður meðan aðrir sýna.

Æskulýðsnefnd setur fram svohljóðandi **áskorun**:

Æskulýðsnefnd á LH þingi 2012 telur að brýn nauðsyn sé að breyta umgjörðinni um barnaflokk til að auka öryggi knapa á keppnisvælinum. Nefndin vill hvetja dómara, stjórnendur móta og hestamannafélögin til að stýra keppni í barnaflokki þannig að tekið sé tillit til útfærslu sýningar frekar en að það sé hraðinn sem gildir. Við beinum því til stjórnar LH að hún feli keppnisnefnd að taka keppni í barnaflokki til algjörRAR endurskoðunar. Til dæmis að stökk verði tekið úr úrslitum og í sérstakri forkeppni. Skjalið var fellt í nefndinni en í staðinn var skrifuð áskorun til stjórnarinnar. Nefndin vill að skipulagi barnaflokks sé breytt þannig að öryggi sé tryggt. Ekki sé óskað eftir hraða heldur útfærslu og e.t.v. taka stökk út úr úrslitakeppni barna.

Keppnisnefnd tók tillöguna einnig fyrir. Fljótlega auðheyrt að ekki var grundvöllur fyrir tillögunni og álit nefndarinnar að málin væru í mjög góðu horfi núna. Á stökki sést best hvernig reiðmennskan er. Einhugur í nefndinni að fella tillöguna. Nefndin vill þó benda á að tímabært sé að taka fyrir graðhesta og stangir í barnaflokki.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Fellt með öllum greiddum atkvæðum

Áskorun æskulýðsnefndar tekin fyrir og samþykkt

ALSHERJARNEFND

Formaður allsherjarnefndar Hjörtur Einarsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Alls tóku 14 þingfulltrúar þátt í starfi nefndarinnar, auk þeirra fimm sem skipuðu nefndina. Fyrir nefndinni lágu 13 þingskjöl til umfjöllunar.

Þingskjal 2

Nefndin lagði til að skjalið yrði samþykkt.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingskjal 3

Eftir orðalagsbreytingar leggur nefndin til að þingið taki til umfjöllunar

Þingskjal 3a

Umræður

Kristinn Hugason telur það dálítið varasamt með hagsmunaaðila þar sem það nær ekki yfir alla sem tengjast hestamennsku (Hólamenn t.d.) Tillagan gerir lítið úr því sem þegar hefur verið gert, t.d. knapamerkin. Hversu mikið á hestamennskan að fara inn í skólakerfið? Samanborið við hestamennsku annarsstaðar í heiminum stöndum við afar framarlega. Það vantar ekki kerfið heldur bara meiri þáttöku og nýtni á þeim aðilum sem útskrifast sem reiðkennarar. Hann leggur til að tillagan verði felld.

Hjörtur formaður nefndarinnar ítrekar að nefndin sé sammála því að til er fullt af góðu efni. Tillagan hljóði upp á að samræma námsskrá betur svo nemendur þurfi ekki að taka fyrir sama efni aftur og aftur.

Haraldur Þórarinnsson áréttar að samræma þurfi hvað kennt er á sama skólastigi (hjá hestamannafélögum, grunnskólum, framhaldsskólum, háskóla).

Ábending kom úr sal (Súsanna) um að hesturinn væri skilgreindur sem keppnistæki í greinargerðinni og vildi breyta því yfir í keppnishestur. Því var breytt.

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta

Þingskjal 4

Alsherjarnefnd leggur til einföldun á greinargerðinni í þingskjalinu og leggur til að lagt verði fyrir þingið

Þingskjal 4a

Umræður

Kristinn Hugason Vafasamt að fullyrða að stjórnsýslan sé flókin. Vafasöm tímasetning þegar verið er að sameina ráðuneyti. Eigum að varast að kalla yfir okkur nefndir og ráð. Eiga frekar sjálf frumkvæði. Leggur því til að þetta verði fellt. Ekki hægt að fara fram á að ráðuneyti stofni nefnd.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson sér ekkert í tillögunni sem ýtir undir forsjárhyggju.

Haraldur Þórarinnsson Ætlum ekki að kalla yfir okkur forsjárhyggju heldur reyna að auka vægi hestamenskunnar. Frekar verið að óska eftir skilvirkri samstöðu en stríði.

Kristinn Hugason bendir á að skýrslan leggur fyrir og vinnan sé hestamanna sjálfra. Hann telur það varasamt að kalla yfir sig nefndir og bendir á að betra sé að undirbúa málið sjálf innan hestamanna. Að treysta alltaf á valdboð er varasamari leið en stjórnin gerir sér grein fyrir. Hann telur miklu nær að þetta sé tekið til frekari skoðunnar og spyr hver vill fá umboðsmann íslenska hestsins aftur? Það hefur ekki reynst neinni atvinnugrein vel að hafa opinbera forsjá. Menn samræmi sjónarmið sín á frjálsum vettvangi en að það sé ekki gert af opinberri nefnd.

Kristinn Guðnason er sammála nafna sínum um að við leysum þetta mál sjálf og óttast að verði málefni sett í nefnd sé hætta á að aðilar sem ekki hafa nógu gott vit á málum fari að ráðskast með hlutina. Hann spyr hvar þessi togstreya sé? Og um hvað snýst hún? Hann telur of mikið úr því gert hvað stjórnsýslan sé mikið vandamál. Hann er alfarið sammála því að það þurfi að skoða þetta en telur að við skulum gera það sjálf. Kristinn leggur því til að tillagan verði felld.

Valur Ásmundsson harmar að þetta þingskjal hafi ekki komið inn í skipulagsnefnd. Hann hlyntur því að við leysum þessi mál sjálf. Það var algjör einhugur innan nefndarinnar að menn skyldu tala saman innan nefndarinnar og leysa þessi mál sjálf. Hann leggur til að þessi tillaga sé ekki samþykkt nema með verulegum breytingum.

Haraldur segist ekki alveg skilja íslenska stjórnsýslu almennt. Hann telur að allar breytingar sem unnar eru í ráðuneyti séu gerðar í samráði við hagsmunaaðila. Leggur til að bætt verði í tillöguna að unnið sé í samstarfi við hagsmunaaðila. Tillögunni er ætlað að auka samstarf og bæta kerfi.

Pétur Helgason er sammála því að varasamt sé að þrýsta á stjórnvöld. Honum finnst tillagan hljóma eins og við séum að kalla yfir okkur forræðishyggju. Tillagan hljómar eins og að við viljum fá breytingar á stjórnsýslunni en að við vitum ekki hvernig við viljum hafa þetta. Hann skilur hvað hún inniheldur en vill að við undirbúum okkur betur.

Kristinn Hugason fagnar öllum athugasemdum sem fram hafa komið. Við eigum ekki að biðja um nefndarformann úr ráðuneyti til að segja okkur fyrir verkum.

Formaður allsherjarnefndar leggur fram breytingatillögu að bætt sé aftan við fyrstu setningu að „...að skipuð verði nefnd í samráði við LH og aðra hagsmunaaðila í hestamennsku...“

Afgreiðsla

Tillagan með breytingatillögu felld með sjónarmun

Með:

Móti: 58

Afgreiðslu nefnda frestað fram yfir matarhlé

ERINDI - FREYJA IMSLAND

Freyja Imsland er doktorsnemi í erfðafræði við Uppsala Universitet. Hún kom á þingið og flutti athyglisvert erindi um rannsókn á erfðaþættinum að baki skeiði. “Að skeiða eða skeiða ekki”. Fjölmargir sérfræðingar og rannsakendur koma að rannsókninni. Hægt er að nálgast niðurstöður rannsóknarinnar í grein um rannsóknina í fræðitímaritinu Nature. Sjá úrdrátt úr erindi annarstaðar á vef LH.

Umræður

Sigurður Ævarsson spyr um mismun á milli hesta sem eru ræktaðir hérlendis eða erlendis. Ekki fannst marktækur munur en þó skal tekið fram að þau þrjú hross sem fundust CC voru öll erlendis þó eitt hefði fæðst á Íslandi.

Garðar Sigursteinsson spyr hvort verja þurfi frekar klárhrossin? Freyja segir að meðan að sama ræktunarmennig sé við lýði sé er eftirspurn eftir hvoru tveggja.

Kristinn Hugason lýsti yfir aðdáun sinni á rannsókninni

HÁDEGISHLÉ

ALSHERJARNEFND FRH

Þingskjal nr 5

Nefndin leggur til að verði samþykkt

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingskjal nr 6

Miklar umræður í nefnd en málið sett til hliðar og formaður LH fenginn til að skýra betur út. Í kjölfarið leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt.

Umræður

Haraldur Þórarinnsson benti á að mikill fjöldi móta væri haldinn og þátttaka oft dræm. Skoða beri að samræma betur mótaraðir og viðburði.

Afgreiðsla

Tillalagan samþykkt með þorra atkvæða.

Þingskjal nr 18

Miklar umræður í nefndinni. Í góðu horfi hjá stóru félögunum, getur verið erfitt hjá þeim litlu. Meirihluti nefndarinnar samþykkti að tillagan yrði lögð fyrir með breytingu sem

Þingskjal18A

Keppnisnefndin tók þetta skal einnig til umræðu. Þeirra niðurstaða var að gamla kerfið væri fínt. Keppnisnefndin felldi tillöguna.

Umræður

Þórður Ingólfsson tók til máls. Hann vildi áréttta að það er ekki verið að breyta neinu við aðferðina við úrtökuna. Heldur er verið að leyfa félögunum að hross fari á önnur úrtökumót en í heimahéraði. Þannig að þeir sem eru með hross í þjálfun geti sent þau í úrtökur þar sem þau eru staðsett. Ekki er verið að leysa félögin undan þeirri skyldu að halda úrtökumót.

Sigurður Ævarsson ein regla núna og úrtökumót í öllum félögum. Það skemmir frekar úrtökuna í minni félögum ef flækjustig er aukið. Hann leggur til að menn haldi reglunum óbreyttum. Einfalt kerfi og skýrar reglur.

Marínó segir að úrtökurnar séu kostnaðarsamar fyrir hestamannafélögin úti á landi.

Haraldur bendir á að það sé samhugur um að einfalda þetta. Þessi breyting kemur hugsanlega til með að skapa óánægju í félögunum.

Kristinn Hugason breytt fyrirkomulag myndi ekki leiða til annars en aukins flækjustigs og vesens. Einar einfaldar og skýrar reglur eru hið eina rétta. segir að einar, einfaldar og skýrar reglur.

Erling Sigurðsson getur skapað mikil leiðindi þar sem sigurvegarar úrtakna í félögum geta dottið út þegar hestar úr félaginu ná hærri tölum í öðrum úrtökum.

Afgreiðsla

Tillagan felld með öllum þorra greiddra atkvæða

Þingskjal 28

Nefndin leggur til að verði samþykkt

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingskjal nr 30

Nefndin telur að þetta sé mjög mikil breyting og sköpuðust miklar umræður og ólík sjónarmið. Að baki hvers keppnismanns fylgja margir aðstandendur. Fara þarf að mikilli yfirvegun yfir þessi mál og tillagan því felld.

Keppnisnefnd fór einnig yfir málið og taldi rétt að fella tillöguna og vinna betur.

Umræður

Sigurður Ægisson er íhaldssamur að eðlisfari en finnst hugmyndin góð að hleypa bestu hestunum inn. Ný tillaga að hleypa inn 6 hæstu hestunum í úrtökum sem ekki komust á landsmót í A- og B- flokki.

Ágreiningur um hvort um sé að ræða breytingu á tillögu 30 eða nýja tillögu þar sem breytingin kom eftir að tillagan var felld bæði í allsherjarnefnd og keppnisnefnd.

Tillagan hefði þurft að koma fram í upphafi þings og því ekki þingtæk.

Afgreiðsla

Tillagan var felld með meirihluta atkvæða.

Þingskjal nr 33

Nefndin lagði til að tillagan væri samþykkt þrátt fyrir að verkefnið væri þegar í vinnslu.

Einnig tekið fyrir í keppnisnefnd sem vísaði málinu frá á sömu forsendum.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Samþykkt að vísa tillögunni frá.

Þingskjal nr 34

Það tíðkast í öðrum íþróttagreinum að samræma gjald fyrir dómara og leggur nefndin til að skjalið sé samþykkt.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 36

Nefndin leggur til að skjalið sé samþykkt.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 37

Í skjalinu er hnykkt á vinnubrögðum dómara og var nefndin sammála um að samþykkja það.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 44

Mikil umræða. Sömu meginreglur eigi að gilda og utanhúss með upptöldum undantekningum. Nefndin leggur til að verði samþykkt.

Keppnisnefnd fjallaði einnig um málið. Mikil umræða líka og á endanum samþykkt.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt

Nefndarformaður þakkar nefndinni fyrir vel unnin störf. Bendir jafnframt á að greinargerðir séu stundum óljósar og hvetur til vandaðri vinnubragða.

KYNBÓTANEFND

Kristinn Hugason formaður kynbótanefndar fór yfir störf nefndarinn og taldi upp nefndarmenn. Alls tóku 21 fulltrúi þátt í starfi nefndarinnar. Guðlaugur V. Antonsson ritaði fundargerð. Tvö þingskjöl lágu fyrir nefndinni.

Þingskjal nr 7

Mikið rætt og ýmsir fletir skoðaðir. Erfitt að koma á. Hefur áður verið reynt að koma á en ekki gengið eftir. Samþykkt að leggja breytta tillögu fyrir þingið

Þingskjal 7A

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Samþykkt eftir talningu

Með: 56

Á móti: 50

Þingskjal 26

Nefndin ræddi og lagði til breytta tillögu. Ekki er keppikefli að hafa sýningar sem flestar heldur að bæta nýtingu tíma og fjármuna. Fyrir þingið er lögð breytt tillaga

Þingskjal 26a

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Skjalið var samþykkt samhljóða.

Kristinn þakkar nefndinni fyrir unnin störf.

KOSNINGAR TIL STJÓRNAR LH

Bjarni Finnson þingforseti gaf Guðmundi Hagalínssyni formanni kjörnefndar orðið.

Guðmundur fór yfir framkvæmd stjórnarkjörs og skipun stjórnar.

Farið var yfir breytingar frá seinasta þingi. Tilkynningar um framboð til embættist formanns eða stjórnar LH skal berast amk 2 vikum fyrir framboð, þó er heimilt að gera undanþágur ef engin framboð hafa borist. Einnig var farið yfir skipun stjórnar og varastjórnar og verkaskiptingu.

Eitt framboð var til formanns, 6 til aðalstjórnar og til varastjórnar eftir framlengingu voru 12 framboð.

Framboð til stjórnarformanns

Haraldur Þórarinsson

Stjórnarformaður sjálfkjörinn. Staðfest með lófataki

Framboð til aðalstjórnar

Þorvarður Helgason

Oddur Hafsteinsson

Andrea Þorvaldsdóttir

Sigurður Ævarsson

Erla Guðný Gylfadóttir

Sigrún Þórðardóttir

Aðalstjórn er sjálfkjörin. Staðfest með lófataki.

Frambjóðendum til varastjórnar var gefin 1 mínúta til að kynna sig. Röðun frambjóðenda var handahófskennd.

Stefán G. Ármannsson er formaður hestamannafélagsins Dreyra á Akranesi og í Hvalfjaðarsveit. Hefur verið í 10-12 ár í stjórn Dreyra og hrossaræktarsambandi vesturlands.

Bryndís Björk Hólmarsdóttir er formaður Hornfirðings og hefur verið það sl. 5 ár. Hefur áhuga á æskulýðsmálum og nýliðun. Hefur mikill áhuga á að taka þátt í starfsemi LH.

Óli Antonsson er í stjórn Þjálfva

Marianna Gunnarsdóttir er úr hestamannafélaginu Fáki og hefur verið sl 6 ár í varastjórn LH, hefur verið í stjórn Fáks og dómarafélaginu.

Helga B. Helgadóttir er í stjórn Fáks sem gjaldkeri, formaður æskulýðsnefndar LH og æskulýðsdeild FEIF. Hefur einnig sinnt æskulýðs og kvennadeild Fáks.

Ólöf Guðmundsdóttir er í Herði og er viðskiptafræðingur, var gjaldkeri fáks í 6 ár. Hefur verið í mörgum hestamannafélögum.

Petra Kristín Kristinsdóttir úr Sindra og var ekki mætt.

Haraldur Þór Jóhannsson úr Svaða var ekki mættur.

Sigurður Örn Ágústsson úr Neista. Sækist eftir stuðningi fundargestum, menntaður kennari. Starfar erlendis og þekkir vel til reksturs.

Einar Ben Þorsteinsson Freyfaxa var ekki á staðnum.

Bjarnleifur Bjarnleifsson Gusti var í landsliðsnefnd LH. Hann ákvað að verða við kalli um framboð. Um leið og hann óskar eftir stuðningi vill hann geta þess að hann hefur verið vinnusamur í þeim verkum sem honum hafa verið falin.

Sveinn Jóhannesson, Sörla. Er formaður mótanefndar Sörla, starfaði í framkvæmdarnefnd LH 2012. Hann varð einnig við kalli um framboð og hefur mikinn áhuga á að taka þátt.

Kjörseðlum var dreift

Skoðunarmenn til tveggja ára

Tillaga

Haraldur Guðfinnsson Sörla

Sigurður Gunnarsson Hörður

Samþykkt með lófaklappi

Skoðunarmaður til vara til tveggja ára

Tillaga

Sigurður Ragnarsson

Samþykkt með lófklappi

Þingið leggur til að skipun fulltrúa til ÍSÍ verði vísað til stjórnar LH.

Samþykkt með lófaklappi.

KYNNING – VILHJÁLMUR SKÚLASON, TREC

Vilhjálmur Skúlason kynnti nýja keppnisgrein fyrir hinn almenna hestamann TREC.

Valkostur fyrir þá sem vilja keppa utan hringvalla eða skeiðkappleiðum.

Lagði hann til að þetta yrði tekið upp sem grein á mótum.

Eftir fyrirspurn í sal kom fram að þetta er ekki plássfrekt, kemst fyrir inn í miðju hringvallar.

KYNNING – TRAUST ÞÓR GUÐMUNDSSON, TÖLTFIMI – NÝ KEPPNISGREIN ?

Trausti Þór Guðmundsson hélt kynningu á töltfimi sem nýrri keppnisgrein.

NEFNDIR SKILA ÁLITI, FRH.

KEPPNISNEFND

Formaður nefndarinnar Guðrún S. Magnúsdóttir fór yfir vinnu nefndarinnar. Alls vour 42 þáttakendur í starfi nefndarinnar og fyrir henni lágu 26 þingskjöl. Farið var yfir hverjir voru meðlimir í nefndinni. Fyrir nefndinni lágu 26 tillögur. . Hluti þeirra hefur verið afgreiddur í öðrum nefndum.

Þingskjal 8

Nefndin taldi þetta sjálfsagt mál og samþykkti tillöguna.

Vekur þó athygli á því að ekki krafist örmerkingar í keppni.

Umræður

Valur Ásmundsson veltir fyrir sér hvort ekki sé nóg að taka stikkprufur í stað þess að skoða hvert hross.

Kristinn Hugason sagði að merkingaskilda væri til staðar og að aflestur örmerkja væri skotfljót og væri hægt að samtvinna við fótaskoðun.

Haraldur Þórarinsson benti á að þó svo að þetta sé ekki í reglum LH þá séu flestir hestar örmerktir.

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingskjal 11

Mjög líflegar umræður og sitt sýndist hverjum. Úr varð breytingatillaga sem lagt er til að verði samþykkt.

Þingskjal 11a

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingskjal nr 12

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt

Umræður

Ólafur Þór Geysir heldur mikið af mótum. Meistaraflokkur hefur ekki verið nógu vinsæll jafnvel þó knapar nái lágmörkum. Nokkrir atvinnumenn skráðu sig t.d. í opinn flokk 2, T3 þar sem þeir voru með nýja hesta. Mikil gagnrýni frá áhugamönnum. Vill að tekið verði upp styrkleikakerfi.

Þingformaður benti á að málefni sem væru ekki beintengd þingskjölum væru til umfjöllunar eftir niðurstöður nefnda.

Hulda Gústafsdóttir mikið rætt á fundum keppnisnefndar og niðurstaðan að opna meistaraflokk. Ekki vænlegt að búa til endalaus getuflokka heldur að auka framboð á léttari greinum fyrir minna vana.

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt samhljóðandi

Þingskjal nr 21

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt eins og hún er.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingskjal 32

Skjalið fjallar að miklu leiti um fjölgun flokka og styrkleika, nefndin lagði til að skjalið væri fellt. Skjalið var ekki lesið upp fyrir þingsal.

Umræður

Ólafur Þór Ef þessi tillaga væri samþykkt þá sjá menn á hvaða stigi keppinautar eru. Ólafur kallar eftir meiri getuskiptingu. Mælist til að keppnisnefnd LH taki málið til gagnngerar endurskoðunar.

Afgreiðsla

Tillagan felld með þorra greiddra atkvæða

Þingskjal 38

Nefndin leggur til að tillagan verði felld

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan felld með þorra greiddra atkvæða

Þingskjal 13

Umræður í nefndinni leiddu til örhlítilla breytingar og leggur nefndin til að þingið fjalli um

Þingskjal 13a

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Þingskjal 14

Smávægilegar breytingar í nefndinni og samþykkt að leggja fyrir þingið

Þingskjal 14a

Umræður

Gunnar Sturluson benti á að orðalag gæti orkað tvímælis og því þurfi að breyta að það sé árangur hestsins sem ráði.

Tillagan sett á bið meðan orðalag var skoðað

Þingskjal 15

Smávægilegar breytingar í nefndinni og samþykkt að leggja fyrir þingið

Þingskjal 15a

Umræður

Kristinn Hugason Hæpið upp á árangur okkar á alþjóðavísu að taka upp séríslenskar reglur. Er þó ekki talsmaður þess að menn séu að taka bauga.

Erling Sigurðsson Ekki líðandi að menn séu að fara í endalaus hringi. Ef menn hafa ekki völd á skeiðhestunum ættu þeir að fara á námskeið.

Kristinn Hugason ítrekar að hann sé ekki talsmaður bauga en vill ekki séríslenskar reglur.

Erling Sigurðsson bendir á að þetta er hesturinn okkar og hann er mótfallinn því að okkur séu settar reglur og að við eigum að stýra þessu. Hann vill heldur taka upp sérregluna og þeir úti geta svo tekið hana upp eftir okkur.

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt með sýnilegum meirihluta

Þingskjal nr 17

Nefndin breytti tillögunni og samþykkt að leggja fyrir þingið

Þingskjal 17a

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingskjal 14a frh

Breytingatillaga: *Í kappreiðum sé það árangur hests sem ráði því hvort hann hafi keppnisrétt á landsmóti eða fjórðungsmóti*

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt

Þingskjal 19

Töluvert mikil umræða og samþykkt að leggja breytta tillögu fyrir þingið

Þingskjal 19a

Umræður

Hulda Gústafsdóttir málamiðlun náðist með breytingatillögunni. Hún lýsti yfir áhyggjum yfir því að þetta myndi ekki virka. Hún vill heldur höfða til knapa að þeir sjái sóma sinn í að afskrá sig tímanlega. Hún gat ekki samþykkt þessa tillögu.

Magnús fomaður Sörla tekur undir með Huldu að þetta hafi verið málamiðlun og ekki nógu vel ígrunduð og leggur til að hún sé felld.

Hrefna María Ómarsdóttir tekur undir með Magnúsi og Huldu. Einnig bætti hún við að þessi punktasöfnun í forkeppni hafi að hluta til verið tilkomin til að ná einkunnum inn í meistaraflokk.

Erling Sigurðsson vildi vekja máls á því að það væri ekki mikil keppismennska að draga sig úr keppni og því miður væri þetta farið að smitast niður í yngri flokka.

Afgreiðsla

Tillagan felld með þorra greiddra atkvæða

Þingskjal 22

Samþykkt af nefndinni án umræðu

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Samþykkt

Þingskjal 23

Nefndin taldi að þessi tillaga hefði átt að berast mannvirkjanefnd en samþykkti þó.

Umræður

Engar umræður voru og skjalið samþykkt.

Afgreiðsla

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 35

Miklar umræður um þetta þingskjal og sitt sýndist hverjum. Ókurteisi og virðingarleysi. Niðurstaða að samþykkja tillöguna.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt með þorra greiddra atkvæða

Þingskjal 39

Var aðeins rætt og ekki alveg á hreinu hvernig þetta ætti að vera. Niðurstaða nefndarinnar að vísa tillögunni til keppnisnefndar LH til frekar vinnslu.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Samþykkt að vísa tillögunni til keppnisnefndar LH.

Þingskjal 40

Nefndin leggur til að skjalið sé samþykkt

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Tillagan samþykkt með þorra greiddra atkvæða

Þingskjal 41

Nefndin leggur til að þingskjali 41 verið vísað frá.

Umræður

Engar umræður

Afgreiðsla

Frávísun samþykkt.

Tillaga barst keppnisnefndar eftir að hún hóf störf. Þingforseti hafnaði fyrirtöku tillögunar þar sem hún barst ekki í upphafi þings.

Guðrún þakkar nefndinni vel unnin störf. Bendir á að það sé allt og skammur tími gefinn til að meðhöndla tillögunar og málin oft það snúin að ekki er tækifæri fyrir nefndarmenn að setja sig nógu vel inn í málin. Einnig óskaði hún eftir að sumar tillögur væru stoppaðar og væru ekki settar fyrir þing.

Þingforseti Jón Albert studdi mál Guðrúnar um að tíminn væri oft of knappur og að það væri í reglum keppnisnefndar LH að fara í gegngum tillögunar áður en þær færu fyrir þing.

ÚRSLIT KOSNINGA TIL VARASTJÓRNAR

Sigurður Örn Ágústsson	Neista	122
Stefán G. Ármannsson	Dreyra	104
Helga B. Helgadóttir	Fáki	92
Marianna Gunnarsdóttir	Fáki	91
Bryndís Björk Hólmarsdóttir	Hornfirðing	76

Ólöf Guðmundsdóttir	Herði	73
Bjarnleifur Bjarnleifsson	Gusti	60
Sveinn Jóhannsson	Sörla	52
Einar Ben Þorsteinsson	Freyfafa	29
Haraldur Þór Jóhannesson	Svaða	22
Óli Antonsson	Þjálfa	13
Petra Kristín Kristinsdóttir	Sindra	10

ÁKVÖRÐUN UM ÍSLANDSMÓTSSTAÐI

Íslandsmót 2013

Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna 2013

Tillaga: Léttir

Samþykkt

Íslandsmót fullorðinna 2013

Tillaga: Fákur

Faxi

Gengið til atkvæða

Fákur 52 atkvæði

Faxi 51 atkvæði

Þingfulltrúi óskaði eftir skriflegum kostningum þar sem mjótt var á munum.

Umræður

Haukur Baldvinsson tók til máls Íslandsmót er að verða eitthvað Skóda-mót hjá okkur. Fáir áhorfendur. LH- þarf að gera þessu móti hærra undir höfði og gera kröfur um staðarval, aðbúnað ofl.

Þorsteinn Magnússon formaður Faxes. Búið að byggja verulega upp á sl. árum og telja sig geta lagt fram gott keppnissvæði. Sótt um í tilefni af 80 ára afmælis félagsins.

Bjarni Finnsson þingforseti óskar eftir kosningum um hvort þingfulltrúar vilji að kosið verði skriflega um mótisstað.

Samþykkt var að ganga til kosninga með miklum meirihluta atkvæða.

Jón Finnur framkvæmdastjóri Fákis tók til máls og vísaði til hefðar að Íslandsmót sé haldið á þeim stað sem landsmót var haldið árið áður. Mótsvæði Fákis er vel búið undir að halda glæsilegt Íslandsmót.

Meðan kosning um staðsetningu Íslandsmóts fullorðinna 2013 fór fram var farið í næsta dagskrárlið.

ÖNNUR MÁL

HESTAMÓT FRAMTÍÐARINNAR

Sigurjón Einarsson hélt kynningu um hestamót framtíðarinnar. Sjá frekar í glærusýningu Sigurjóns

GAGNRÝNI Á UNDIRBÚNING ÞINGSINS

Kristinn Hugason gagnrýnir undirbúning þingsins. Hefur setið mörg þing og hefur góða reynslu. Stjórn fékk rússneska kostningu þar sem fólk gerði sér kannski ekki grein fyrir að bjóða þyrfti sig fram til stjórnarsetu með löngum fyrirvara. Vinnubrögð þingsins verða að batna. Ekki viðunandi að framboðsræður fari fram á meðan á kosningu stendur.

Ekki sáttur við að sitja undir háði formanns stjórnar

TILLAGA UM BREYTINGU Á REGLUM UM SKÁREIM

Kristinn Hugason átti ekki von á öðru en að fram kæmi tillaga frá stjórn um skáreimamál. Náði ekki að setja fram tillöguna innan frests. Dregur í efa að ekki megi taka fyrir tillögu sem kemur fram á þinginu. Tillaga Kristins, Erlings Sigurðssonar og Sigubjörns Bárðarsonar um notkun skáreimar með enskum múl var birt á skjá. Skorar Kristinn á fulltrúa okkar í nefndum og ráðum innan FEIF að fá þessu breytt þar til samræmis.

ÁKVÖRÐUN UM ÍSLANDSMÓTSSTAÐI, FRH Niðurstaða kosninga um Íslandsmótsstað fullorðinna 2013

Faxi 67 atkvæði

Faxi 61 atkvæði

Auðir seðlar 12

Íslandsmót fullorðinna 2013 verður því haldið á móttssvæði Faxa

Íslandsmót 2014

Íslandsmót fullorðinna 2014

Tillaga: Sörli

Samþykkt

Íslandsmót barna, unglunga og ungmenna 2014

Tillaga: Fákur

Léttir

Léttir dróg sig til baka og því var Fákur sjálfkjörinn

Samþykkt

Áður en umræða um önnur mál hélt áfram vildi Jón Albert forseti þings þakka fyrir sig. Í lokaorðum sínum varaði hann óskum um íslenskar sérreglur. Ógerlegt er að ná utan um sérreglur allra aðildarlanda. Hann bendir á að við verðum að taka því að við ráðum ekki öllu þegar við erum í erlendu samstarfi. Að auki nefndi forsetinn að til dæmis þýsk

Íslendingafélög viti ekki af heimsmeistaramótinu í Berlín. Við verðum því að gera gangskör í vitundarvakningu. Bjarni Finnsson þingforseti tók við stjórnun þingsins.

ÖNNUR MÁL FRH

Erling Sigurðsson hélt áfram að fjalla um „skáreimarmálið“. Honum fannst þeir sem taka ákvarðanirnar um þessi mál á vegum FEIF ekki hafa næga þekkingu. Eftir að skáreimin var fjarlægð hefur efri reimin færst neðar og hert fastar þannig að særindi myndast við jaxla og getur jafn vel truflað öndun. Hann varpaði fram spurningunni af hverju svo margir hefðu notað þessa reim?

Erling þakkaði stjórninni fyrir það sem hún hefur gert og hrósaði fyrir vel unnin störf. Hann undirstrikaði að ellilífeyrisþegar ættu ekki að þurfa að greiða til LH. Einnig hafði hann aðfinnslur við verðlag hestapjálfara og sýnenda.

Þorsteinn Magnússon formaður Faxe vildi þakka fyrir stuðninginn og sagðist vona að félagið gæti afgreitt Íslandsmót 2013 með sóma.

Formaður stjórnar LH, Haraldur Þórarinnsson tók til máls við þingslok. Hann vildi undirstrika að tilgangur þess að hafa fyrirvara á framboði væri til að auka áhuga og undirbúning. Formaðurinn bað Kristinn Hugason afsökunar ef orð hans særðu. Finnst þó ekki nógu maklega að sér vegið, t.d. að gagnrýnt sé að frestur til að skoða tillögur hafi ekki verið nógu langur en engu að síður gangrýnt að ekki hafi verið tekin fyrir tillaga sem borin var upp á þinginu sjálfu. Allir í stjórn eru að leggja sig fram við að vinna vel og allt unnið í sjálfboðavinnu.

Varðandi skáreimina þá voru sérfræðingar kallaðir til til að forðast að þessi regla yrði sett af FEIF. Náðum ekki okkar fram á þeim tíma. Vinnum áfram að því að koma okkar sjónarmiðum mjög sterkt á framfæri. Ekki vænlegt að setja endalaust sérreglur.

Hann tók einnig undir athugasemdir keppnisnefndar um tímaþröng og forvinnu.

Haraldur þakkar Gunnari fyrir vel unnin störf og óskar honum góðs gengis í stjórn FEIF. Hann býður einnig Erlu velkomna í aðalstjórn, sem og kjörna varamenn. Það er mikilvægt að hafa vel mannaða stjórn.

Starfsmönnum sambandsins þakkar hann fyrir þeirra framlag til þingsins ásamt aðkomu Fáks og annarra starfsmanna þingsins.

Fulltrúar hestamannafélaga á Austur- og Vesturlandi kallaðir til fundar við stjórnina í lok þings.

Haraldur kastar því veganesti til þingfulltrúa hversvegna þátttakendum í íslandshestamessku hafi ekki fjölgað hér heima og erlendis til jafns við önnur hestakyn. Það er umhugsunarefni fyrir okkur hestamenn hvað veldur því og bregðast við.

Þingslit.